

Ræða formanns á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. september 2014

1. Inngangur

Ágætu landsþingsfulltrúar, innanríkisráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir og aðrir gestir!

Verið velkomin á 28. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri en löng hefð er orðin fyrir því að halda landsþing á kosningarári hér á Akureyri. Í annað sinn þingum við í þessu glæsilega menningarhúsi – Hofi.

Við munum sitja hér á rökstólum næstu þrjá dagana og ræða stefnumörkun sambandsins fyrir kjörtímabilið 2014 til 2018 undir yfirskriftinni Áskoranir í bráð og lengd. Í upphafi nýs kjörtímabils er það eitt af meginverkefnum sveitarstjórnarmanna að hyggja að framtíðinni og leggja niður fyrir sér hvernig þeir sjá þróun sveitarstjórnarstigsins og með hvaða hætti á að styrkja og efla þjónustuna við íbúana næstu fjögur árin. Sveitarfélögin hafa kjörið fulltrúa sína, ykkur, til þess að sækja þetta landsþing þar sem stefnumótunarvinnan fer fram og línur eru lagðar um ákvarðanatöku stjórnar sambandsins og vinnu starfsmanna þess á kjörtímabilinu.

Það er afar mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, vöxt þess og viðgang, að stefnumörkun þess sé vönduð og skýr. Um hana þarf einnig að ríkja sem breiðust samstaða. Landsþingsfulltrúar hafa á undanfögnu dögum átt þess kost að kynna sér drög að stefnumörkun sambandsins 2014-2018 og á morgun fara fram umræður í vinnuhópum hér á þinginu þar sem fulltrúar geta lagt sitt af mörkum til þess að fullgera stefnumörkunina og rætt þau málefni sem þeim eru efst í huga við upphaf kjörtímabilsins, bætt við málefnum og gert breytingar. Skýr stefnumörkun sem margir sveitarstjórnarmenn hafa tekið þátt í að móta

mun því styrkja og efla sveitarstjórnarstigið og færa okkur nauðsynleg verkfæri í samskiptum við hitt stjórnarsýslustigið í landinu – ríkisvaldið.

2. Lýðræði og kosningar

Við sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru laugardaginn 31. maí sl. voru kjörnir 504 sveitastjórnarmenn í 74 sveitarfélögum til setu í sveitarstjórnnum kjörtímabilið 2014 til 2018. Bundin hlutfallskosning - listakosning fór fram í 53 sveitarfélögum, óbundin kosning – persónukosning í 18 sveitarfélögum og sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum, þar sem aðeins einn listi kom fram.

Í sveitafélögum 53 þar sem fram fór listakosning voru 184 listar í boði og á þeim áttu sæti 2.916 einstaklingar.

Eins og við undanfarnar sveitarstjórnarkosningar var mikil endurnýjun í sveitarstjórnnum að þessu sinni. Hlutfall nýrra sveitarstjórnarmanna sem ekki hafa setið áður sem aðalmenn í viðkomandi sveitarstjórn eru 54,4%. Við kosningarnar 2010 var þetta hlutfall 57,4% og árið 2006 var hlutfallið 55%. Það er vissulega íhugunarefni hversu mikil endurnýjun verður við hverjar sveitarstjórnarkosningar og við þurfum að velta því fyrir okkur hvort það er eitthvað í starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna sem veldur því að innan við helmingur sveitarstjórnarmanna gefur ekki kost á sér eða nær ekki kjöri að nýju.

Hlutfall kvenna er 44% af kjörnum fulltrúum en var 39,8% fyrir fjórum árum. Hins vegar eru konur sem framkvæmdastjórar sveitarfélaga einungis 26%.

Annað við niðurstöður kosninganna sem veldur áhyggjum er sífellt minnkandi kjörsókn. Að þessu sinni var kjörsókn aðeins 66,5% á landsvísu sem er minnsta kjörsókn í áratugi. Í einstökum sveitarfélögum var kjörsóknin enn minni og komst niður í 56,6% þar sem hún var lægst. Aftur á móti náði kjörsókn að vera yfir 90% í þremur sveitarfélögum – hæst 95,2%. Í þeim sveitarfélögum þremur fór fram bundin hlutfallskosning.

Sambandið og innanríkisráðuneytið standa saman að kosningarannsókn sem Háskólinn á Akureyri annast í samstarfi við Háskóla Íslands. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöður þeirrar rannsóknar og skoða verður vandlega hvort þær geti nýst til þess að finna leiðir til þess að bregðast við þessari þróun.

Á síðasta ári setti innanríkisráðuneytið af stað tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar sem sambandið fylgist vel með. Í þessu tilraunaverkefni er gert ráð fyrir því að tvö sveitarfélög taki þátt án þess að það kosti þau mikið. Verkefnisstjórn hjá Þjóðskrá Íslands er samstarfsaðilinn. Skoðið hvort þetta hentar ykkar sveitarfélagi.

Rafrænar kosningar eru eflaust ekki sú töfralausn sem við leitum að, en hinir rafrænu kostir sem við eigum í dag geta á margan hátt auðveldað okkur marga þætti lýðræðisins. Vil ég sérstaklega nefna að það á vera keppikefli sambandsins, að eins fljótt og verða má verði heimilað í lögum að nýta rafræna kjörskrá við allar almennar kosningar. Rafræn kjörskrá mun létta störf kjörstjórna og síðast en ekki síst mun rafræn kjörskrá auðvelda alla greiningu á kosningaþátttöku, sem t.d. aðrar norrænar þjóðir hafa stundað um áratuga skeið.

3. Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Fjárhagur sveitarfélaga hefur batnað undanfarin ár. Framlegð úr rekstri hefur aukist, rekstrarniðurstaðan hefur batnað og sveitarfélögin hafa lækkað skuldir sínar á markvissan hátt.

Þessi góði árangur hefur styrkt stöðu og málstað fulltrúa sambandsins við umfjöllun um fjármál hins opinbera undanfarið. Fulltrúar ríkisvaldsins vita nú betur en áður að sveitarfélögin eru ábyrg í fjármálum og það má treysta sveitarstjórnarstiginu til að vera virkur þátttakandi í stjórnun opinberra fjármála. Sveitarfélögin eru mikilvægur hluti hins opinbera kerfis. Hagkerfinu verður ekki stjórnað án beinnar aðkomu þeirra. Þetta skilja æ fleiri þó enn vanti nokkuð upp á að sveitarfélögin séu höfð með í umræðunni þegar rætt er um hið

opinbera. Sumir virðast enn halda að hið opinbera sé einungis ríkið en við sveitarstjórnarmenn vitum það best að svo er nú ekki.

4. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Nú stendur yfir endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sambandið hefur lagt áherslu á að kannað verði til hlítar að öll framlög Jöfnunarsjóðs sem hafa jöfnunartilgang, verði sameinuð í eitt samræmt jöfnunarframlag til sveitarfélaga. Hlutverk Jöfnunarsjóðs hefur breyst mikið og stór hluti af hans umsvifum eru í dag útteiling fjármuna vegna verkefna en ekki vegna jöfnunar á aðstöðumun.

Sambandið hefur lagt áherslu á að breytingar á framlögum til sveitarfélaga vegna breytts regluverks verði innleiddar í áföngum, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum sem fá lægri framlög en áður. Einnig eru uppi hugmyndir um að Jöfnunarsjóður setji tiltekið fjármagn til hliðar á hverju ári sem verði síðan ráðstafað til að aðstoða sveitarfélög sem standa illa fjárhagslega vegna áfalla eða aðstæðna sem þau ráða illa við sjálf.

5. Frumvarp til laga um opinber fjármál

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinber fjármál. Taka á upp stefnumótandi fjárlagagerð að hætti nútímalegra stjórnunaraðferða. Í frumvarpinu er fjallað um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir vel skipulögðum og formfastari samskiptum en áður í samvinnu þessara tveggja aðila sem mynda hið opinbera. Markmiðið er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Mótuð verður sameiginleg og heildstæð stefnumörkun um opinber fjármál. Stefnt er að því að auka skilning á tekjuþörf og útgjaldaáformum beggja stjórnarsýslustiganna m.t.t. þjónustuábyrgðar þeirra skv. lögum. Einnig skal fjallað á formlegan hátt um hvernig fjármagna megi opinbera þjónustu í sátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið hefur lengi reynt að stuðla að vinnubrögðum sem þessum. Það er því mikið fagnaðarefni að stefnt skuli að því að lögfesta þessa starfshætti. Einna mikilvægast í þessum áformum er að sameiginlega eigi að meta útgjaldabörfina vegna þjónustuábyrgðar hins opinbera. Í raun á ekki að skipta meginmáli hvort ríki eða sveitarfélög annist tiltekna þjónustu við landsmenn. Það sem máli skiptir er að landsmenn fái þjónustuna og að hún sé fjármögnuð á þann hátt að tekjur standi undir útgjöldum. Með þessu verður því væntanleg horfið frá þeirri leiðu venju sem skýtur reglulega upp kollinum að Alþingi samþykki lög sem leggja þjónustuskyldur á sveitarfélögin án þess að þær séu fjármagnaðar.

6. Skýrsla McKinsey um íslenska hagkerfið

Árið 2012 kynnti ráðgjafarfyrtækið McKinsey skýrslu um íslenska hagkerfið. Þar kemur skýrt fram að slök framleiðni á Íslandi er meginorsök þess að lífgæði hér á landi eru lakari en þau gætu verið. Stofnaður var samstarfsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi. Ég á sæti í þessum vettvangi sem hefur það hlutverk að horfa langt fram í tímann með það að markmiði að bæta lífsskilyrði á Íslandi.

Ráðgjafarnir beina m.a. sjónum sínum að sveitarstjórnarstiginu og horfa nokkuð fram í tímann. Þeir sjá fyrir sér fækkun sveitarfélaga niður í 8 til 12. Þar er líka talað um er að fækka þurfi starfsfólki ríkis og sveitarfélaga um 13.000 manns og að þau störf þurfi að færast yfir í atvinnulífið í nýsköpun og verðmætasköpun.

Ísland hefur undanfarin 30 ár verið meðal 20 ríkustu landa í heimi. Ísland hefur hins vegar fallið á þessum lista á sama tíma og lönd sem gert hafa langtímaáætlanir í efnahagsmálum hafa hækkað á listanum.

Sömuleiðis kemur fram í skýrslu McKinsey að raunvöxtur á Íslandi hafi verið minni síðastliðin 30 ár en í nágrannalöndunum. Ástæðan er talin sú að tilhneigingar hafi gætt til þess að einblína á efnahagslegan vöxt í einni grein í einu; í sjávarútvegi á níunda áratugnum, síðan í orkufrekum

iðnaði á þeim tíunda og loks fjármálageiranum eftir aldamótin. Þá er framleiðni vinnuafis hér á landi um 20% minni en í helstu nágrannalöndum Íslands. Háa landsframleiðslu Íslands á hvern íbúa má að miklu leyti rekja til meiri atvinnuþátttöku og lengri vinnutíma en þekkist í flestum öðrum ríkjum heimsins.

Hvert er okkar hlutverk í þessu samhengi ágæta sveitarstjórnarfolk? Er það að standa vörð um óbreytt ástand eða er það að sækja fram til að bæta lífsskilyrði og hagsæld á Íslandi? Ég segi og veit að þið eruð sammála mér. Við skulum sækja fram. Við skulum þora að gera nauðsynlegar breytingar til að auka hagsæld íbúa okkar sveitarfélaga. Við stöndum frammi fyrir flóknum hlutum. Við þurfum að minnka kerfið en utanaðkomandi aðstæður kalla eftir aukinni þjónustu eins og í öldrunarmálum. Þess vegna þurfum við að bregða upp nýsköpunargleraugum á allan opinberan rekstur og spyrja okkur hvernig hægt er að gera betur, öðruvísi en jafnframt ódýrar en við erum vön. Þar liggja svo ótrúlega mörg tækifæri þrátt fyrir allt.

7. Húsnæðismálin

Þau vandamál sem við glímum við á húsnæðismarkaði eru ærin. Fyrr á þessu ári skilaði verkefnisstjórn um framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála frá sér tillögum. Þær fela m.a. í sér róttækar hugmyndir um breytingar á almennri fjármögnun íbúðarhúsnæðis sem ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um hér. Hins vegar eru hluti tillagnanna í góðu samræmi við stefnumörkun sambandsins í húsnæðismálum. Þar á ég við áhersluna um að sameina í eitt kerfi húsnæðisbóta núverandi húsaleigubætur og vaxtabætur. Þessar nýju húsnæðisbætur verði síðan verkefni ríkisins en sveitarfélögin haldi áfram að greiða sérstakar húsnæðisbætur fyrir þá verst settu. Tillögurnar fela einnig í sér að fjárhagslegur stuðningur við leigufélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða verði í formi stofnframlaga í stað niðurgreiðslu vaxta.

Ég legg áherslu á að húsnæðislausnir á leigumarkaði byggi ekki einungis á sterkri aðkomu hins opinbera. Við eigum að þróa lausnir með fyrirtækjum og leigufélögum sem rekin eru á frjálsum markaði með hófleg hagnaðarmarkmið að leiðarljósi. Það er sjálfgefið að einkaaðilar eru ekki tilbúnir til að leggja fé í nokkurn rekstur nema að einhver tiltekin ávöxtunarkrafa náist á það áhættufjármagn sem þau leggja fram í leigufélög. Leiga getur verið sanngjörn hjá slíkum félögum og svo standa allir jafnir gagnvart húsnæðisbótum. Við verðum að finna gott jafnvægi á milli opinbers reksturs og einkareksturs á húsleigumarkaði með rétttri forgangsröðun í þágu þeirra sem minnst hafa á milli handanna.

8. Lífeyrissjóðsmálin

Nú er svo komið að sveitarfélögin bera ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar LSR og svokallaðra sveitarfélagalífeyrissjóða sem nema samtals um 50 ma.kr. Þessar skuldbindingar eru bókfærðar í ársreikningum sveitarfélaga. Á hinn bóginn á það ekki við um 20 ma.kr. skuldbindingar sveitarfélaga vegna halla á A-deild LSR og um 20 ma.kr. lífeyrisskuldbindinga vegna halla á A-deild LSS. Að öðru óbreyttu þarf að hækka mótframlag sveitarfélaga í þessar deildir um rúm 4% stig, þ.e. úr 11,5-12% í um 16% þannig að með framlagi launþega verða lífeyrисиðgjöldin um 20%. Ef við bætum svo við 2% framlagi launþega og 2% framlagi vinnuveitenda í séreignarlífeyrissparnað þá erum við að tala um að um fjórðungur launakostnaðar í samtímanum fari í sparnað sem við munum ráðstafa á elliárunum. Er eitthvað vit í þessu. Þurfum við ekki á þessum tekjum að halda samtímanum, t.d. til að ráðstafa í íbúðarkostnað og almenna framfærslu.

Veigamesta ástæðan fyrir uppsöfnun skuldbindinga vegna A-deilda LSR og LSS er að meðalaldur okkar fer sífellt hækkandi. Þessar deildir áttu að vera sjálfbærar þegar þær voru stofnaðar og áttu ekki að mynda ógreiddar lífeyrisskuldbindingar í framtíðinni. Fólk er á hinn bóginn lengur á lífeyri en upphaflegar forsendur fyrir 65-67 ára

lífeyrisstökualdri byggðu á og ákveðnar voru fyrir áratugum. Ég tel að það sé óumflýjanlegt að hækka þetta aldursviðmið. Verði það gert í áföngum getum við lækkað þessa 40 ma.kr. lífeyrisskuldbindingu vegna A-deildanna verulega.

Í nokkur ár hafa staðið yfir viðræður milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga við forsvarsmenn stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði um breytingar á gildandi lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Þær viðræður hafa einnig tengst sameiginlegum viðræðum þessara aðila við ASÍ og SA um mótun samræmds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn. Það er afar mikilvægt að niðurstaða fáiast í þessar viðræður hið fyrsta því við getum einfaldlega ekki flotið sofandi að feigðarósi í þessu máli. Við verðum að smíða sjálfbært lífeyriskerfi sem ávísar ekki stöðugt skuldbindingum til framtíðarinnar. Börnin okkar eiga betra skilið.

9. Atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð

Sem betur fer dregur úr atvinnuleysi á Íslandi. Það var verulegt í kjölfar bankahrunsins og með styttingu atvinnuleysisbótatímabilsins færðust fjárhagsbyrðar vegna þess að fólk hafði ekki atvinnu yfir á sveitarfélögin. Nú hyggst ríkisstjórnin stytta það enn meira. Sambandið gerir alvarlegar athugasemdir við þær fyrirætlanir að stytta hámarksbótatíma atvinnulauss fólks úr þremur árum í tvö og hálf ár sem mun kosta sveitarfélögin í landinu um hálfan milljarð króna á ársgrundvelli að öðru óbreyttu, til viðbótar við um 5 ma.kr. útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar á þessu ári sem er tvöföldun kostnaðar frá árinu 2009. Ekkert samráð var haft við sveitarfélögin auk þess sem fyrirvari á gildistöku þessarar breytingar er nær enginn. Sambandið hefur lagt áherslu á í viðbrögðum sínum vegna þessa að ríkisvaldið skipuleggi með sveitarfélögunum og atvinnulífinu mótvægisáðgerðir og beri ríkið þá ábyrgð á fjármögnun þeirra, m.a. í formi atvinnuátaksverkefna og annarra virkniúrræða fyrir þennan hóp, en að öðrum kosti dragi þessi áform til baka. Átak af þessu tagi getur sparað framtíðarútgjöld vegna

atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar og bjargað mörgum einstaklingum frá því að hverfa varanlega af vinnumarkaði.

10. Ferðaþjónustan verður sífellt mikilvægari atvinnuvegur

Öll höfum við orðið vör við ævintýralegan uppgang ferðaþjónustunnar síðustu árin. Fjölgun erlendra ferðamanna felur í sér bæði tækifæri og áskoranir fyrir sveitarfélögin og það er mikilvægt að sveitarfélög móti sér stefnu um sína aðkomu að þessari þróun. Áhrifin eru auðvitað ólík eftir sveitarfélögum. Í dreifbýlinu er áherslan einkum á þörfina fyrir fjármagn til uppbyggingar á ferðamannastöðum og að Vegagerðin þarf líka að fá fjármuni til að sinna viðhaldi vega að fjölsóttum ferðamannastöðum og halda þeim opnum árið um kring. Í þéttbýli er umræðan dálítið annars eðlis og snýst meira um þörf fyrir stefnu í skipulagi og eftirlit með því að gististaðir spretti ekki upp hvar sem mönnum dettur í hug.

Sambandið hefur tekið virkan þátt í umræðu um það hvernig útfæra megi í sem bestri sátt um að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum. Okkur hafa ekki hugnast nógu vel hugmyndir um svonefndan náttúrupassa, sem mikið hefur verið til umræðu. Þess í stað hefur sambandið lagt áherslu á að ná þurfi meiri tekjum af gistináttaskatti, svo sem með því að hann nái líka til skemmtiferðaskipa, sem eru auðvitað bara fljótandi lúxushótel. Við heyrum ekki betur en að Samtök ferðaþjónustunnar séu að verða okkur sammála í þessu máli og að sátt ætti að geta orðið um slíka niðurstöðu.

Í drögum að stefnumörkun sambandsins eru tillögur um þrjú ný markmið sem snúa beint að þróun í ferðaþjónustunni. Við stöndum á krossgötum í þessum málaflokki og miklu skiptir hver verður stefnumörkun þessa þings.

11. Málefni tónlistarskóla

Eins og mörg ykkar muna var undirritað samkomulag í maí 2011 um eflingu tónlistarnáms. Framkvæmd þess hefur reynst mun erfiðari en

menn sáu fyrir í upphafi. Sú fasta krónutala sem samið var um í upphafi að ríkið greiddi vegna nemenda á mið- og framhaldsstigi hefur hvergi nærri dugað vegna mikillar fjölgunar nemenda sem falla undir samkomulagið, sem leiðir aftur til þess að framlag með hverjum nemanda lækkar sífellt.

Þetta hefur bitnað harðast á tónlistarskólunum í Reykjavík, sem eru einkareknir og hafa þurft að fjármagna hallarekstur af eigin fé eða með lántökum, og standa nú sumir hverjir frammi fyrir gjaldþroti. Erfitt hefur reynst að ná ríkinu til viðræðna um framtíðarlausn í málinu og samskipti vegna þessa máls hafa satt að segja verið mjög erfið. Eitthvað hefur þó rofað til á síðustu mánuðum og eru ákveðnar vísbendingar um að vilji sé til þess að leysa málið áður en samkomulagið rennur út um næstu áramót.

12. Málefni ungmenna og aldraðra

Í æskulýðslögum er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Ungu fólkið hefur annað sjónarhorn og getur komið með nýjar lausnir, bæði á málafnum sem snerta þau beint og almennt sem íbúa í sveitarfélögum.

Nú hefur Landssamband eldri borgara lagt áherslu á að komið verði á formlegu samstarfi hvers sveitarfélags og félags eða félaga eldri borgara innan sveitarfélagsins með starfrækslu öldungaráðs að norrænni fyrirmynd. Í öldungaráði verði rædd málefni sem varða hagsmuni eldri borgara í sveitarfélaginu. Ég hvet sveitarstjórnarmenn til að ígrunda þennan möguleika sem leið til að efla samskiptin við þennan hóp. Það er sérstaklega mikilvægt sé litið til hugmynda um að sveitarfélögin taki yfir meiri þjónustu við aldrað fólk en nú er.

13. Efling sveitarstjórnarstigsins

Sveitarfélögum hefur fækkað úr 229 árið 1950 í 74 eins og staðan er núna eða um 155 á 64 árum. Stærstur hluti sameininga átti sér stað á árunum 1990 til 2006 en þá fækkaði þeim um 125 eða um 130 til dagsins í dag. Stefna sambandsins undanfarin ár hefur verið að efla sveitarfélög með því að þau tækju að sér fleiri verkefni frekar en að vinna sérstaklega að beinum sameiningarherferðum. Stuðningur sambandsins við sameiningar hefur verið skilyrtur því að þær séu ekki þvingaðar heldur frjálssar þannig að íbúarnir ráði þeim í kosningum.

Við verðum þó að ræða þá miklu samvinnu sem mörg sveitarfélög hafa þróað á svæðisgrundvelli vegna þjónustu við fatlað fólk. Er hún að leiða okkur án formlegrar stefnumörkunar inn á þriðja stjórnsýslustigið, eins og ég hef margnefnt áður? Stærri sveitarfélögin þurfa ekki á slíkri þróun að halda en mörg þeirra minni eru algjörlega háð samvinnu um framkvæmd stærri verkefna.

Í núverandi stefnumörkun sambandsins er áhersla á að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Gert er ráð fyrir að það þurfi að skilgreina þá þjónustubætti sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi er heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.

Það er mat fulltrúa sambandsins sem komið hafa að þessu máli að það þurfi að skýra ýmsa bætti betur í núverandi þjónustu við aldraða eins og hún er framkvæmd af hálfu ríkisins áður en til beinna samningaviðræðna geti komið um flutning á þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Það er mat okkar í stjórn sambandsins að ljúki þurfi endurmati vegna flutnings á málefnum fatlaðs fólks áður en við förum að ræða flutning á málefnum aldraðra af einhverri alvöru.

Ég tel að við eigum áfram að stefna að sameiningu og eflingu sveitarfélaga. Við þurfum stórar og sterkar einingar á sveitarstjórnarstiginu. Þjónustukrafan eykst stöðugt af hálfu íbúa og við

þurfum að nýta skattfé betur. Það getum við t.d. með því að draga úr kostnaði við yfirstjórn, sem gerist við sameiningar sveitarfélaga, og veitt þeim sparnaðarávinningi t.d. inn í velferðar- og fræðslumálin. Það er staðreynd að stærðarhagkvæmni í rekstri á að geta átt sér stað ef rétt er á málum haldið. Í stærri sveitarfélögum er hægt er að hafa fjölbreyttari faglega þjónustu á mörgum sviðum á grundvelli fjölbreytts og vel menntaðs starfsfólks með sérfræðikunnáttu. Slíkt á einnig að tryggja jafnræði til aðgengis að góðri þjónustu á stærri svæðum en ef mörg minni sveitarfélög eiga í hlut. Í nágrennalöndum okkar mörgum hafa þing og ríkisstjórnir sterkar skoðanir á sveitarstjórnarstiginu og dæmi eru um að stórar sveitarfélagasameiningar hafa verið knúnar í gegn af þeirra hálfu. Hér á landi njótum við þeirrar gæfu að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er almennt virtur af þessum aðilum. Það setur enn meiri ábyrgð á okkur sveitarstjórnarmenn að huga að því hvernig við sjálf af fúsum og frjálsum vilja getum styrkt sveitarstjórnarstigið og hækkað þjónustustigið án þess að auka við skattheimtu og helst dregið úr henni.

14. Lokaorð

Ágæta sveitarstjórnarfolk. Við ætlum að velta fyrir okkur hvert stefnir næstu fjögur árin? Hvert stefnir sveitarstjórnarstigið? En það sem skiptir mestu máli er hvert viljum við fara?

Hvert stefnir sveitarstjórnarstigið í samskiptum við ríkið? Erum við á sömu leið og kollegar okkar í Danmörku tala um. Þar segja þeir að eftir því sem verkefnum fjölgi á sveitarstjórnarstiginu versni samskiptin og að kosningar til þings snúist í raun bara um sveitarstjórnarmál vegna þess að verkefni ríkisins eru færri en sveitarfélaganna. Getur þetta gerst hérna?

Hver sem niðurstaða okkar er hérna á þinginu þá er það staðreynd að við þurfum að hugsa margt upp á nýtt. Þjónustubörf eykst í ákveðnum málaflokkum og þyngist. En fjármagnið getum við ekki aukið. Við stöndum frammi fyrir áskorunum í skólamáli og þurfum að öllu leyti gott samstarf við okkar góða starfsfólk í sveitarfélögunum. Það er þrýstingur á launahækkunir. Hvernig fjármagna sveitarfélögin það?

Þessar spurningar brenna daglega á okkur sveitarstjórnarfólki og gera um leið þennan vettvang svo spennandi og krefjandi.

Nú líkur kjörtímabili þeirrar stjórnar sem ég hef verið í forystu fyrir síðustu fjögur ár. Ég hef átt frábært samstarf við stjórnarmenn og þakka ég þeim innilega fyrir þau samskipti. Ég þakka einnig starfsmönnum sambandsins og framkvæmdastjóra fyrir ótrúlega gott samstarf. Sveitarstjórnarmál er mjög áhugaverður málaflokkur sem hafa heillað mig lengi. Kostir nærsamfélagsins og þess sem hægt er að gera á sveitarstjórnarstiginu eru miklir, við getum nefnilega breytt ýmsu með ákvörðunum okkar og gjörðum á sveitarstjórnarstiginu.

Ég óska þess að 28. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið er hér á Akureyri 24.-26 september, verði árangursríkt og ánægjulegt og segi landsþingið hér með formlega sett.